

Launaseðillinn - útskýringar

8 [Redacted]

2 Launaseðill nr. 02.2015

Ríkissjóður
Íslands



5 Greiðsludagur 01.03.2015

Greiðslustaður

3 [Redacted]

1 [Redacted]

Samtölur launaseðils

Frá áramótum

Laun 698.459 1.465.240

Frádráttur 254.901 594.902

6 Útborgað 443.558 7 870.338

4 [Redacted]

Uppgjörstímabil	Launategund	L.flokkur - þrep	Taxti	Einingar	Reiknuð fjárhæð	Samtals á árinu	
Skipulagseining - Starfsnr. - Kjarasamn. - Starfsheiti							
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga - Hjúkrunarfræðingur							
01.02.15-28.02.15	Mánaðarlaun	078	440.492	100,00	440.492	880.984	
	Yfirvinna	065	3.743,49	0,00	0	100.101	
01.01.15-31.01.15	Yfirvinna	078	4.184,67	3,00	12.554	13.893	
	Yfirvinna kaffitímar vaktavinnumanna	065	3.743,49	0,00	0	14.150	
16.01.15-15.02.15	Yfirvinna kaffitímar vaktavinnumanna	078	4.184,67	6,30	26.364	43.940	
	Vaktaálag I	065	807,73	0,00	0	11.712	
16.01.15-15.02.15	Vaktaálag I	078	902,92	11,00	9.932	9.932	
	Vaktaálag II	065	1.332,88	0,00	0	53.315	
16.01.15-15.02.15	Vaktaálag II	078	1.489,97	116,00	172.837	256.275	
	Vaktaálag III	078	2.438,13	0,00	0	2.438	
	Orlof af yfirvinnu	065	11,59%	0,00	0	13.242	
16.01.15-15.02.15	Orlof af yfirvinnu	078	11,59%	38,918	4.511	6.703	
	Orlof af vaktaálagi	065	11,59%	0,00	0	7.536	
16.01.15-15.02.15	Orlof af vaktaálagi	078	11,59%	182.769	21.183	31.136	
16.01.15-15.02.15	Fæðispeningar	111	429,69	13,00	5.586	9.883	
01.02.15-28.02.15	Samgöngugreiðslur utan skattstofns			0,00	5.000	10.000	
Fritökuréttur	Starfsnúmer	Ávinnsla	Úttekt	Staða	Greiðsla samtals	698.459	1.465.240
	[Redacted]			14,04			

Staðgreiðsla	Einingar	Reiknuð nú	Samtals á árinu	Frádráttur	Frádráttur nú	Samtals á árinu
Stofn til staðgreiðslu annar		0	0	Orlof í banka	15.239	34.792
Stofn til staðgreiðslu þrep 1		309.140	618.280	Líf.sj starfsmanna ríkisins A-deild	27.514	57.813
Stofn til staðgreiðslu þrep 2		356.805	779.147	Félagsgjald Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	5.947	11.894
Samtals stofn til staðgreiðslu		665.945	1.397.427			
Reiknuð staðgreiðsla þrep 1	37,3%	115.309	230.618		0	7.887
Reiknuð staðgreiðsla þrep 2	39,74%	141.794	309.633		0	44.069
Samtals reiknuð staðgreiðsla		257.103	540.251	Staðgreiðsla	206.201	438.447
Nýttur persónuafsláttur	100%	50.902	101.804			
Framlag launagreiðanda:				Frádráttur samtals	254.901	594.902
Orlofslaun til vörsluaðila		Á orlofsárinu	Á árinu			
		138.410	34.792			

Launaseðillinn - útskýringar

- 1 Reikningsnúmer:** Númer bankareiknings viðkomandi starfsmanns.
- 2 Útborgun:** Fjöldi útborgana á árinu.
- 3 Kennitala:** Kennitala viðkomandi starfsmanns.
- 4 Nafn og heimilisfang viðkomandi starfsmanns.**
- 5 Útborgun, útborgunardagur:** Útborgunardagur launa.
- 6 Útborgun, upphæð kr.:** Útgreidd laun eru: heildarlaun (*Laun og aðrar greiðslur samtals*) mínus frádráttur (*Frádráttur samtals*).
- 7 Útborgun frá áramótum, upphæð kr.:** Greidd laun frá áramótum.
- 8 Vinnustaður viðkomandi starfsmanns.**
- 9 Launategund:** Skipting tekju- og frádráttarliðum.
- 10 Lfl. :** Launaflokkur , 078 er launaflokkur 07 og álagsdálkur 8 eða 20% , **sjá launatöflu frá 1. apríl 2014.**
- 11 Greiðslutímabil, frá - til:** Tímabil sem laun eru greidd fyrir. Laun eru greidd út einu sinni í mánuði, fyrsta virka dag mánaðarins. Mánaðarlaun eru greidd frá fyrsta degi hvers mánaðar til þess síðasta; en álag, bakvaktgreiðslur og yfirvinna eru greidd frá 16. degi mánaðar á undan til 15. dags næsta mánaðar (dæmi: í júní eru greidd mánaðarlaun frá 1. maí til 31. maí; en álag, bakvaktir og yfirvinna er frá tímabilinu 16. apríl til 15.maí) Greidd laun byggja á færslum í Oracle vinnustund.
- 12 Taxti:** Laun pr. einingu s.s. mánaðarlaun, tímakaup yfirvinnu, dagvinnu og vaktaálags skv. launatöflu kjarasamnings 661.
- 13 Einingafjöldi:** Unninn einingafjöldi. Í útreikningi er jafnan talað um fjölda unninna tíma, s.s. vaktaálags og yfirvinnu. Mánaðarlaun 100,00 á við fulla vinnu, 90,00 á við 90% og svo framvegis.
- 14 Reiknuð fjárhæð:** Laun miðað við unnar einingar, sjá hér á eftir.
- 15 Samtals á árinu:** Laun frá áramótum.
- 16 Mánaðarlaun:** Mánaðarlaun að upphæð kr. 440.492 á mánuði miðað við launaflokk 07 og álagsdálk 8 eða 20%. Viðkomandi er í 100% starfshlutfalli.
- 17 Yfirvinna:** Yfirvinna greiðist með 0,95% af mánaðarlaunum fyrir hverja unna yfirvinnustund. Í þessu dæmi er 0,95% af kr. 440.492 = kr. 4.184,67. Samtals eru 3 unnir yfirvinnutímar og því eru kr. 4.184,67 * 3 = 12.554 afgangar nú.
- 18 Yfirvinna kaffitímar vaktavinnumanna:** Kaffitímar eru greiddir í yfirvinnustundum hjá vaktavinnuöðum. Samtals eru 6,3 tímar vegna kaffitíma í yfirvinnu og því eru kr. 4.184,67 * 6,3 = 26.364 afgangar nú.

Vaktaálag: Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi fyrir reglubundna vaktavinnu utan dagvinnutíma en dagvinna er frá kl. 08:00 til 17:00. 33,33% vaktaálag reiknast á vinnu frá kl. 17:00 til 24:00 mánudaga til fimmtudaga, 55% vaktaálag reiknast á vinnu frá kl.00:00 til 08:00 virka daga, 55% vaktaálag reiknast á vinnu frá kl.17:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudegi, og á sérstökum frídögum. Fyrir vinnu kl. 00:00-24:00 á stórhátíðardögum reiknast 90% vaktaálag.

Vaktaálag reiknast af dagvinnutímakaupi viðkomandi starfsmanns. Í þessu dæmi er dagvinnutímakaupið kr. 2.709,03. 33,33% vaktaálag er kr. 902,92 per. tíma, 55% vaktaálag er kr. 1489,97 per. tíma og 90% vaktaálag er kr. 2.438,13 per. tíma.
- 19 Vaktaálag I:** 33,33% vaktaálag; Í þessu dæmi eru samtals 11 tímar unnir í vaktaálagi I og því eru kr. 902,92 * 11 = 9.932 afgangar nú.
- 20 Vaktaálag II:** 55% vaktaálag; Í þessu dæmi eru samtals 116 tímar unnir í vaktaálagi II og því eru kr. 1489,97 * 116 = 172.837 afgangar nú.
- 21 Vaktaálag III:** 90% vaktaálag.

Launaseðillinn - útskýringar

Orlofslaun: Almennt fá ríkisstarfsmenn 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur. Þetta hlutfall hækkar í 11,59% við 30 ára aldur og síðan 13,04% við 38 aldur. Í þessu dæmi er viðkomandi starfsmaður eldri en 30 ára og fær því 11,59% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur.

- 22 Orlof af vaktaálagi:** Í þessu dæmi er vaktaálag alls kr. 182.769 (sjá vaktaálag I kr. 9.932, vaktaálag II kr. 172.837 (19-20) 11,59% af kr. 182.769 eru kr. 21.183 sem eru afgreiddar nú.
- 23 Orlof á yfirvinnu:** Í þessu dæmi er yfirvinna kr. 38.918 (sjá yfirvinna nr. 18 og kaffítímar) 11,59% af kr. 38.918 eru kr. 4.511 sem eru afgreiddar nú.
- 24 Fæðispeningar:** Greiddir til starfsmanna á vakt þar sem ekki er matstofa opin, upphæðin breytist á þriggja mánað fresti í samræmi við vísitölu. Í þessu dæmi: fæðispeningar per vakt sem matstofa er lokuð kr. 429,69 * 13 eru kr. 5.586 sem eru afgreiddar nú.
- 25 Samgöngugreiðslur:** Margar stofnanir hafa gert samninga við sína starfsmenn um samgöngugreiðslur, ekki reiknað inn í skattstofn.
- 26 Laun og aðrar greiðslur samtals:** Heildarlaun nr. 16 – 25.
- 27 Skattstofn:** Heildarlaun að frádreginni greiðslu í lífeyrissjóð, þ.m.t. greiðslu í séreignarsjóð auk samgöngugreiðslna. Iðgjald starfsmanns í A-deild LSR er 4% af heildarlaunum. Í þessu dæmi er 4% af heildarlaunum kr. 698.459, samtals kr. 27.514. Skattstofnin verður því kr. 698.459 – 25.514 – 5000 = kr. 665.945. Ath. í þessu dæmi hefur starfsmaðurinn ekki valið að greiða í séreignarsjóð.
- 28 Reiknaður skattur:** Tekjuskattur á Íslandi er í þremur þrepum og eru skattprósentur og fjárhæð í hverju skattþrepi ákvörðuð árlega.
- | | | |
|-------------------------------|---------|---|
| Eftirfarandi á við árið 2015: | Þrep 1: | Af fyrstu 309.140 kr. er reiknaður 37,30% skattur |
| | Þrep 2: | Af næstu 527.264 kr. er reiknaður 39,74% skattur |
| | Þrep 3: | Af fjárhæð umfram 836.404 kr. er reiknaður 46,24% skattur |
- Í þessu dæmi er reiknaður skattur af þrepi 1 kr. 115.309 og af þrepi 2 kr. 141.794, alls kr. 257.103.
- 29 Frá dregst persónuafsláttur:** 100% persónuafsláttur er árið 2015 kr. 50.902 skv. ákvörðun skattayfirvalda fyrir árið 2015. Upphæð persónuafsláttar breytist árlega.
- 30 Félagsgjöld:** Félagsgjöld hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga er 1,2% af mánaðarlaunum, og við þá upphæð bætist greiðsla í vinnudeilusjóð sem er 0,15% af mánaðarlaunum. Í þessu dæmi: kr. 440.492. (mánaðarlaun) eða kr. 5.947.
- 31 Líf.sj. starfsmanna ríkisins A-deild:** Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Iðgjald starfsmanns í A-deild LSR er 4% af heildarlaunum. Í þessu dæmi er 4% af heildarlaunum kr. 698.459, samtals kr. 27.514.
- 32 Orlof í banka:** Heildarorlofslaun að frádreginni staðgreiðslu, félagsgjöldum og lífeyrissjóði greiddum af orlofi af vaktaálagi. Í þessu dæmi kr. 15.239.
- 33 Staðgreiðsla skatta:** Reiknaður skattur að frádregnum persónuafslætti kr. 50.902 Staðgreiðslan verður því kr. 257.103 – 50.902 = 254.901.
- 34 Frádráttur samtals:** Allur frádráttur viðkomandi starfsmanns lagður saman, 30 - 32.
- Lífeyrissjóður - séreignarsjóður viðkomandi:** Iðgjald í séreignarsjóð. Greiðslur í séreignarsjóð er frjálst val viðkomandi. Þær nema oftast 2% - 4% af heildarlaunum en geta verið hærri ef starfsmaðurinn kys það. Mótframlag ríkisins verður þó aldrei hærri en 2%. Ath. í þessu dæmi hefur það ekki verið valið.
- 35 Fritökuréttur:** Staða á fritökurétti starfsmanns.
- 36 Orlofslaun til vörsluaðila:** sjá lið 23. Geymt á orlofsreikning í banka viðkomandi og greitt út 11. maí ár hvert.